

Skólaráðsfundur 27. febrúar 2017

Mættir: Margrét Ingimundardóttir fulltrúi kennara, Sesselja Ingibjörg Reynisdóttir og Feydís Dana Sigurðardóttir fulltrúar foreldra, Kristín Sveinsdóttir og Sandra Ósk Sævarsdóttir fulltrúar nemenda, Soffía Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna og Elín E. Magnúsdóttir starfandi skólustjóri.

Fjarverandi: Fulltrúi hverfisnefndar og Aðalbjörg fulltrúi kennara, varamenn gátu ekki mætt.

Elín stjórnaði fundi og skráði fundargerð.

Dagskrá

- Skóladagatal 2017 – 2018
- Mat á skólastarfi (Skólapúlsinn niðurstöður frá sept og jan)
- Viðmið Akureyrarbæjar um skjánotkun barna og unglunga
- Árhátíð – verð á sýningar og ball

Skóladagatal 2017 – 2018

Drög lögð fram til umræðu með fyrirvara um staðsetningu á einum af fimm skipulagsdögum á starfstíma skóla en staðsetning hans fer eftir því hvaða ákvörðun verður tekin um sameiginlegan skipulagsdag kennara á Norðurlandi eystra. Hugsanlega verður settur skipulagsdagur í september eða október en ef það verður ekki þá getur hann orðið 3. janúar og jólafrí nemenda þannig lengt um einn dag. Rætt um að árshátíðardagarnir tveir verði tvöfaldir dagar. Rætt var um að hafa síðasta skóladag með sama sniði og á skóladagatali 2016 – 2017 þ.e. tvöfaldan skóladag. Rætt var um mætingu nemenda í skólann eftir jólafrí en mörgum fannst hentugt að nemendur þyrftu ekki að mæta fyrr en kl. 9:55 og verður það lagt til á skóladagatali næsta skólaárs. Drögin voru samþykkt með þeim fyrirvörum sem voru til umræðu.

Mat á skólastarfi – Skólapúlsinn

Skoðaðar voru niðurstöður nokkurra þátta úr nemendakönnun Skólapúlsins frá september og janúar á skólaárinu. Athygli vekur hve nemendur koma lágt út í þáttum sem lúta að þrautseigju í námi, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu. Einnig kemur fram að sjálfalít nemenda er talsvert undir landsmeðaltali. Ánægja af lestri mælist á landsmeðaltali og skólinn hækkaði nokkuð í þeim þætti eftir skólaárið 2011 – 2012. Strákar í Glerárskóla mælast með meiri ánægju af lestri en strákar á landsvísi. Niðurstöður þarf að skoða nánar þegar allar mælingar skólaársins hafa verið gerðar.

Viðmið Akureyrarbæjar um skjánotkun barna og unglunga

Á síðasta skólaráðsfundi var rætt um síma- og snjalltækjanotkun nemenda í skólanum og drög að nýjum skólaeignum. Síðan hefur komið inn sterk umræða í samfélaginu um snjalltækjanotkun barna og unglunga. Akureyrarbær hefur gefið út viðmið um skjánotkun barna og unglunga og voru þessi viðmið send inn á heimilin í dag. Rætt var um að eðlilegt væri að skólinn tæki mið af þessum viðmiðum en ekki lögð fram nein ákveðin tillaga um málið. Fulltrúar foreldra hvöttu til þess að áfram yrði haldið á þeirri braut sem rædd var á síðasta fundi. Einnig var nefnd sú hugmynd að sömu viðmið væru höfð til hiðsjónar í öllum grunnskólum á Akureyri.

Árhátíð – verð á sýningar og ball

Elín lagði fram þá tillögu að verð á sýningar verði það sama og í fyrra. Fulltrúar nemenda sögðu frá fyrirhuguðu fyrirkomulagi á balli 5. – 10. bekkjar. Fenginn veður DJ á fyrri hluta ballsins og síðan rapparinn GKR og DJ með honum kl. 10:00. Lagt var til að verð á ball verði óbreytt fyrir nemendur í 5. – 7. bekk en hækkað fyrir nemendur í 8. – 10. bekk upp í 1500 kr. þar sem nemendaráð hefur ákveðið að leggja í dýrari kost fyrir unglingsballið. Þetta var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

1. Skólaslit í vor
Huga þarf að ýmsum atriðum varðandi skólaslitin því Glerárkirkja er mjög ásetin þennan dag en hefð er fyrir því að hafa þar skólaslit og kaffi í kjölfarið. Mögulega þarf að breyta einhverju í ár. Skólaráð jákvætt fyrir því að hafa kaffið a.m.k. hér í Glerárskóla.
2. Leikskóli í Glerárhverfi. Ákveðið að setja það mál á dagskrá næsta fundar í skólaráði.

Næsti fundur verður 27. mars.

Elín E. Magnúsdóttir